

Fagdeild sjúkraflutningamanna LSS starfsárið 2014 – 2016

Vinna fagdeildarinnar hefur verið með líku sniði og undanfarin ár. Fimm formlegir fundir hafa verið haldnir, þó hafa fulltrúar fagdeildarinnar setið marga aðra fundi með öðrum aðilum/stofnunum og jafnframt reynt að halda góðu sambandi milli funda. Aðrir fundir eru í skyndihjálparráði, endurlífgunarráði, fagráði sjúkraflutninga, faghóp vegna nýs náms sjúkraflutningamanna, fagráði Sjúkraflutningaskólans og sérstökum faghóp um sjúkrabilamál.

Töluverð vinna og yfirlega hefur átt sér stað í vinnu vegna hins nýja náms. Hefur sú vinna tekið mun lengri tíma en áætlað var í upphafi og hefur stéttin og þjónustan liðið fyrir það. Nú er loks kominn rekspölur á það mál, nýtt nám hafið, þótt ekki séu allir á einu máli um hve vel hafi tekist til. Það sem mestu máli skiptir er að (uppfært) nám sé í boði og reynt hefur verið að horfa til sem flestra hagsmuna/sjónarmiða við uppsetningu þess. Nú liggur fyrir að klára þá vinnu (framhaldshlutann, verknám) og er mikilvægt að vel takist til. Það er erfitt að sameina sparnaðarsjónarmið og háleit markmið um eflingu menntunar í illa skilgreindu umhverfi!

Mörg brýn mál liggja á borðinu ókláruð. Menntun, vinnuferlar, rafræn sjúkraskrá, kjaramál, bíla- og búnaðarmál. Fleiri atriði mætti örugglega tína til og alsendis óvíst hvort sum þeirra klárast endanlega í síbreytilegu umhverfi! Fagdeildin hefur reynt eftir fremsta megni að beita sér fyrir úrbótum og framförum í öllum þessum málaflokkum.

Hávær umræða er nú uppi um nauðsyn þess að efla heilbrigðiskerfið. Aðilar sem að málinu koma hafa bent á mikilvægi þverfaglegar teymisvinnu allra heilbrigðisstétta. Dagljóst er að ef bæta á heilbrigðisþjónstu þannig að allir landsmenn hafi jafnan aðgang að kerfinu, hvar sem í sveit eru settir, þá þarf utanspítalþjónustan að vera öflug og skilvirk. Til þessa hefur hún verið illa skilgreind og naumt rekin. Fagdeildin mun beita sér fyrir því að rödd sjúkraflutningamanna heyrir á þeim vettvangi.

Varðandi bíla- og búnaðarmál þá er stórt mál og áriðandi að þau séu í góðu horfi. Öllum ætti nú að vera kunnugt hve alvarlegt vandamál aukning stoðkerfisáverka sjúkraflutningamanna er. Unnið er markvisst að lausnum þar á, enda brýnt. Brýnt fyrir alla, ekki bara sjúkraflutningamenn sjálfa heldur einnig rekstraraðila. Fjölga þarf rafdrifnum búnaði (börur/stigastólar) og jafnframt tryggja að vinnurými sjúkrabifreiða sé gott og öruggt. Að þessu skal áfram unnið.

Ergilegt er að ekki sé búið að koma á koppinn rafrænni sjúkraskrá í sjúkraflutningum. Góð vinna hefur þegar verið unnin en skv. mínum uppl. hefur aðallega strandað á fjárveitingu í verkefnið. Verkefnið er gríðarlega brýnt, okkur bráðvantar utanumhald um okkar vinnu og inngríp í sjúklingameðferð. Þetta yrði liður í eflingu sjúklingaöryggis. Fagdeildin hefur og mun halda áfram að beita sér fyrir þessu máli.

Enn ergilegra er að ekki er búið að uppfæra okkar tíu ára gömlu vinnuferla. Undirritaður sættir sig engan veginn við þá tregðu sem það verkefni hefur mætt og erfitt að rýna í ástæðu þess. Þó virðist vera að kvikna ljós í því myrkri, áfram skal unnið að lausn á því máli.

Njáll Pálsson, formaður fagdeildar sjúkraflutningamanna LSS

